

44
16. apríl

FUNDARSKÖP

fyrir

bæjarstjórn Neskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarfógeti er oddviti bæjarstjórnar og hefir atkvæðisrétt á fundum. Stjórnar hann fundum og sér um að allt fari fram í góðri reglu og gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðarbókina.

Skylt er fundarmönnum að hlíta úrskurði oddvita um allt er snertir fundarreglur.

2. gr.

Á fyrsta fundi eftir reglulegar bæjarstjórnarkosningar, kýs bæjarfógeti sér 2 skrifara úr flokki bæjarfulltrúanna.

Skrifarar halda gjörðabók undir umsjón oddvita og geta í henni mála þeirra, sem rædd eru á fundinum og úrslita þeirra. Telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.

Störfum milli skrifara skiftir oddviti.

Í fundarlok skal gjörðabókin lesin upp og undirrituð af oddvita og öllum viðstöddum bæjarfulltrúum. Þó eiga fundarmenn rétt á að fá ágreiningsatriði bókuð, næst eftir fundargjörðina.

3. gr.

Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir.

Almennir fundir skulu haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði, eða næsta virkan dag á eftir.

Almennir fundir byrja kl. 4 e. h. og standa meðan dagskrá endist, nema bæjarstjórn samþykki að fresta þeim.

Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarfógeta þykir þurfa, á þeim stað og stundu er hann ákveður. Jafnan skal boða til aukafundar er 5 bæjarfulltrúar óska þess.

4. gr.

Á dagskrá almenns fundar skal það eitt tekið, sem komið er til bæjarfógeta á hádegi næsta virkan dag fyrir fund. Skal hann í síðasta lagi fyrir kl. 7 næsta virkan dag fyrir fund hafa sent öllum fulltrúum dagskrá, er greinir erindi sem koma eiga fyrir fundinn.

Þegar fjárhagsáætlanir, reikningar bæjarins, frumvörp að reglugjörðum eða lögum, eða önnur mikilsvörðandi málefni skulu tekin fyrir, á að fylgja dagskránni afrit eða fullkominn útdráttur af málefnum.

Dagskráin skal fest upp að minnsta kosti á tveim stöðum í **44**
bænum. 16. apríl

5. gr.

Bæjarfógeti ákveður dagskrá, en bæjarstjórn getur breytt röð málanna eða felld af dagskrá.

6. gr.

Bæjarstjórnarfundir skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega hvorki láta í ljósi ánægju sína eða vanþóknun út af því er á fundi gjörist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út og ef þörf gerist látið ryðja salinn.

Bæjarfógeti eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust. Hvorki bæjarfógeti né bæjarfulltrúar mega skýra frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Bæjarfulltrúi sem vill taka til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann fulltrúum að taka til máls venjulega í þeirri röð sem þeir æskja þess. Þó má hann breyta út af því er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess að umræður með og mót málefni skiftist á, eða til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta sjálfan hann. Biðji margir jafnsnemma um að fá að taka til máls, ræður forseti röðinni.

8. gr.

Flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala þrisvar í hverju máli á sama fundi, en aðrir fulltrúar ekki nema tvisvar. Þessi ákvæði ná þó ekki til bæjarfógeta, sem má taka til máls svo oft sem hann vill í hverju máli. Þó er hverjum fulltrúa heimilt að bera af sér ámæli, gjöra stuttar fyrirspurnir, athugasemdir um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína og snúa máli sínu til bæjarstjórnar.

9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við umræðuefnið og varast að meiða nokkurn mann eða hafa ósæmileg orð. Nú bregður út af þessu og skal þá oddviti víta það og nefna ummælin. Ef fulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, má oddviti svifta hann málfrelsi.

44

16. apríl

Sérhver bæjarfulltrúi hefir rétt til þess að bera upp tillögur og breytingartillögur við það málefni, sem er til umræðu.

Tillögur skulu vera skriflegar nema oddviti telji þess ekki þörf.

11. gr.

Ef umræður dragast um skör fram, getur bæjarfógeti eða hver fulltrúanna stungið upp á að þeim sé hætt og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust.

12. gr.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk bæjarfógeta að minnsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Skylt er hverjum bæjarfulltrúa að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema að hann hafi lögleg forföll. Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og bæjarfulltrúi greiðir ekki atkvæði, og skal hann leiða rök að því. Oddviti sker úr því, hvort þau rök skulu gild tekin, en fulltrúi getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði bæjarstjórnar. Enginn má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Sker bæjarstjórn umræðulaust úr því, hvort málið er svo vaxið, sem nú var sagt.

13. gr.

Oddviti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skift og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur bæjarstjórn, ef þrír fulltrúar óska þess breytt ákvörðun oddvita. Oddviti og framsögumaður eða flutningsmaður mega taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má fulltrúi þess að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skift.

14. gr.

Nú er mál útrætt og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að hver fulltrúi réttir upp hægri hönd sína. Nafnakall skal viðhaft er þrír fulltrúar æskja þess áður en atkvæðagreiðsla fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

15. gr.

Auk fastra nefnda sem bæjarstjórn kýs, hefir hún rétt til að setja nefnd í hvert mál, sem er á dagskrá. Allar nefndir skal kjósa skriflega. Þeir eru rétt kosnir í nefnd sem flest atkvæði fá. Fáir tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir fengið sæti í nefndinni, skal kjósa á ný óbundinni kosningu, um þá sem í nefndina vantar. Verði nefndin þá ekki rétt skipuð skal hlutkesti ráða.

16. gr.

44

Nú krefst einhver fulltrúanna að hlutfallskosning sé við höfð og 16. apríl skal það gert umræðulaust. Við hlutfallskosningu skal notuð aðferð sú er notuð er á Alþingi.

17. gr.

Sá, sem flest fær atkvæði í nefnd, eða er elztur, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndina saman í fyrsta skifti og lætur kjósa formann. Boðar hann síðan nefndarfundi og annast framkvæmdir nefndarinnar.

Um leið og nefnd lýkur starfa sínum í máli, kýs hún einn nefndarmann sem framsögumann. Klofningur nefndar hefir framsögurétt.

18. gr.

Skyldur er hver fulltrúi að taka á móti kosningu í nefnd. Bæjarfógeti getur skorazt undan nefndarkosningu, en nefndir geta heimtað hann á fundi sína til þess að fá hjá honum upplýsingar, er nauðsynlegar þykja og hann getur í té látið.

19. gr.

Bæjarfógeti sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar og framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru sérstaklega falin einstökum mönnum eða nefndum.

20. gr.

Skrá yfir allar fastar nefndir skal jafnan hanga í fundarsalnum.

21. gr.

Ef vafi leikur á hvernig beri að skilja fundarsköp þessi, sker bæjarstjórn úr því.

22. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna.

23. gr.

Nú eru viðhafðar 2 umræður um mál og skal það þá við fyrri umræðu rætt almennt og síðan í heild vísað til annarar umræðu. Við síðari umræðu skal málið rætt í einstökum atriðum og atkvæði greidd um hvern lið eða grein fyrir sig.

44

24. gr.

16. apríl Til þess að gera breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

Fundarsköp þessi sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

45

REGLUGJÖRD

20. apríl

um

viðauka við reglugerð um notkun og meðferð rafmagns á Eskifirði frá 8. apríl 1925.

8. gr. orðist svo:

Rafveitan leggur til öryggi utanhúss án sérstakrar leigu. Einnig leggur hún til straummæla og straumtakmarkara innanhúss gegn 50 aura gjaldi á mánuði fyrir hvort um sig, þann tíma, sem stöðin er starfrækt.

Skylt er hverjum húseiganda, sem notar orku frá rafstöðinni, að leggja til kassa utanum mæla eða takmarkara, sé þess krafizt af rafveitunefnd. Sér stöðvarstjóri um smíði á þeim. Ekki ber rafveitunni skylda til að setja upp mæla í sjóhúsum og útihúsum og ekki fyrir íbúðarhús með minna en 10 watta ljósnotkun. Þar, sem því verður við komið að dómi rafveitunefndar, skal tengja raftaugar útihúsa og sjóhúsa straummælum tilheyrandi íbúðarhúsa.

Skylt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað, á tveggja ára fresti, hvort ljósmælar eru réttir. Nú krefst ljósnotandi eða húseigandi innan þess tíma, að ljósmælir hans sé prófaður, án þess þó að rafveitustjóri eða löggiltur rafvirki telji þess þörf, skal mælirinn þá að vísu reyndur, en á kostnað þess, er beiðst hefir, nema beiðni hans reynist á rökum byggð við rannsókn mælisins.